

## Gjaldskrá og reglur Húnanets ehf.

### 1. gr.

Húnanet ehf. á og rekur ljósleiðarakerfi í Húnavatnshreppi. Húnaneti ehf. er samkvæmt gjaldskrá þessari heimilt að selja aðgang að ljósleiðaranum.

### 2. gr.

Eigendur íbúðahúsnæðis í Húnavatnshreppi geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Beiðni um slíkt skal berast Húnavatnshreppi á netfangið [hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is](mailto:hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is).

Eigendur sumarhúsa og lögaðilar (fyrirtæki, rekstraraðilar) í Húnavatnshreppi geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Beiðni um slíkt skal berast Húnavatnshreppi á netfangið [hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is](mailto:hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is). Tengigjald ljósleiðara er 290.000 kr. án vsk.

Í öllum tilfellum skulu lagnir utanhúss og inn fyrir húsvegg vera í eigu Húnanets ehf., en lagnir innanhúss á ábyrgð húseiganda. Gert er ráð fyrir fullu samráði við landeigendur um staðsetningu lagna og hentugra lagnaleiða. Gjald miðast við áskrift og er innheimt mánaðarlega skv. gr.

Gagnaveri er aðeins veittur aðgangur að ljósleiðarakerfi að undangengnum samningum um m.a. gjaldtöku og þjónustu sbr. 5. gr..

### 3. gr.

Einungis starfsmenn eða þjónustuaðilar á vegum Húnanets ehf. mega annast útsetningu á ljósleiðarastreng, lagningu tenginga eða breytinga á ljósleiðarakerfinu. Húnanet ehf. tengir viðkomandi notanda við ljósleiðarakerfið að hans beiðni enda hafi viðkomandi uppfyllt eða samþykkt skilyrði þess að tengjast ljósleiðaranum. Sama á við um samninga, aðgang og tengingar fjarskiptafélaga sem þjónusta notendur með tengingum sínum.

### 4. gr.

Allar skemmdir sem kunna að vera gerðar á ljósleiðaranum eða búnaði tengdum honum skulu að fullu greiddar af þeim sem tjóninu veldur.

### 5. gr.

Gjöld notenda fyrir afnot af ljósleiðara Húnanets ehf. eru sem hér segir:

- Mánaðargjald pr. heimtaug, vegna íbúðarhús (sumarhús) kr. 2.600,
- Mánaðargjald pr. heimtaug, vegna lítilla fyrirtækja kr. 5.200,
- Mánaðargjald pr. heimtaug, vegna opinberra stofnana kr. 12.480,
- Mánaðargjald pr. heimtaug, vegna fjarskiptamastra kr. 24.960,
- Mánaðargjald vegna gagnaers kr. 148.720.
  - Við öll gjöld bætist virðisaukaskattur sem nú er 24%.

### 6. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar Húnanets ehf og eftir staðfestingu sveitarstjórnar Húnavatnshrepps.

### 7. gr.

Húnanet ehf. hefur rétt til að loka fyrir aðgang að ljósleiðarakerfi félagsins gagnvart þeim notendum sem vanrækja að greiða áskriftargjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir notandi.

### 8. gr.

Eftirlitsmanni Húnanets ehf. skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum búnaði eða kerfum sem tengd eru við ljósleiðara Húnanets ehf. Er húseiganda skylt að hlíta tafalaust fyrirmælum eftirlitsmanns um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á notkun ljósleiðarans.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Húnanets ehf. 15. október 2020 og staðfest af sveitarstjórn Húnavatnshrepps þann xx.xx 2020 og tekur gildi 1. janúar 2021.